



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 20. nóvember 2023

**Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um *Tillögu til þingsályktunar um nýsköpunar-,
rannsókn- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar***

Þingskjal 62 – 62. mál. 154. Löggjafarþing 2023-2024.

Í tillögu til þingsályktunar um nýsköpunar-, rannsókn- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar er lagt til að fjármagn til nýsköpunar, rannsókna og þróunar á Íslandi verði aukið með því að stofna sérstakan sjóð sem Rannís hafi umsjón með. Það er lögbundið hlutverk stofnunarinnar að hafa umsjón með þeim sjóðum sem löggjafinn og ráðuneyti fela Rannís og stofnunin er að sjálfsgöðu tilbúin að taka að sér umsýslu með nýjum sjóði sé þess óskað. Sjóðir sem Rannís sýslar með eru nú þegar að styrkja verkefni í ferðaþjónustu og má þar sérstaklega nefna Tækniþróunarsjóð sem hefur m.a. styrkt nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu um tæpar 330 m.kr. undanfarin 10 ár.

Rannís tekur ekki afstöðu til þess hvort sé ákjósanlegra að reka samkeppnissjóði um nýsköpun, rannsóknir og þróun á einstaka málefnasviðum eða nýta sama fjármagn í færri en stærri sjóði með víðari skírskotun.

Ágúst Hjörtur Ingbórsson
forstöðumaður Rannís